

Sp. 156. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um varanlega vegagerð.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Ólafur G. Einarsson, Matthías Bjarnason,
Lárus Jónsson, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson,
Eyjólfur K. Jónsson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fella að nýrri vegáætlun sérstaka 15 ára áætlun um lagningu hringvegjar og vega til allra þéttbýlisstaða í landinu með bundnu slitlagi.

Framkvæmdum skal hagað þannig:

1. 1979—1984:
 - a) Þjórsá—Vík í Mýrdal.
 - b) Kjalarnes—Akureyri—Húsavík.
 - c) Egilsstaðir—Eskifjörður—Fáskrúðsfjörður.
 - d) Höfn í Hornafirði—Flugvöllur.
 - e) Ísafjörður—Bolungarvík og Ísafjörður—Súðavík.
 - f) Tenging við Akranes, Hvammstanga Sauðárkrók, Dalvík, Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Stokkseyri.
 - g) Ólafsvík—Hellissandur.
2. 1984—1989:
 - a) Borgarnes—Stykkishólmur—Búðardalur að Þorskafjarðarheiði.
 - b) Patreksfjörður—Tálknafjörður—Bildudalur.
 - c) Ísafjörður—Flateyri—Þingeyri.
 - d) Blönduós—Skagaströnd.
 - e) Sauðárkrókur—Siglufjörður.
 - f) Aðaldalur—Reynihlíð.
 - g) Egilsstaðir—Jökulsá á Dal.
 - h) Fáskrúðsfjörður—Höfn í Hornafirði.
 - i) Biskupstungnavegur að Laugarvatni.
 - j) Skeiðavegur að Þjórsárdalsvegi.
3. 1989—1994:

Lokið hringvegi og allir þéttbýlisstaðir tengdir og auk þess byggðir upp fjölförnustu dreifbýlisvegir eftir því sem fjármagn hrekkur til.

Framkvæmdir verði fjármagnaðar þannig:

1. Með happdrættisláni 2 000 millj. kr. á ári.
2. Með framlagi Byggðasjóðs 1 000 millj. kr. á ári.
3. Með umframtekjum af sérsköttum umferðarinnar frá og með næstu áramótum, þó eigi lægri fjárhæð en 2 000 millj. kr. á ári.

Allar framangreindar fjárhæðir haldi raungildi sínu ár frá ári.

Sérstaklega verði athugað að stytta framkvæmdatímabil úr 15 árum í 10 ef þess er kostur.

Tekin verði erlend lán til framkvæmdanna þegar og ef þess er þörf í samræmi við lánsfjáráætlun hverju sinni, og einnig til eftirtalinna verkefna:

1. Garður og brú yfir Botnsvog.
2. Lúkning Borgarfjarðarbrúar.
3. Göng í gegnum Breiðadalsheiði.
4. Vegsvalir á hættustöðum Óshlíðar og Ólafsfjarðarmúla.
5. Garður og brýr yfir Leirur í Eyjafirði.
6. Reykjanesbraut (Reykjavík—Kópavogur—Garðabær—Hafnarfjörður).
7. Brú á Ölfusárós.

Með fjármagni á vegáætlun hverju sinni skal leggja sérstaka áherslu á byggingu vega upp úr snjó, og enn fremur hið fyrsta byggingu eftirtalinna snjóþungra og lélegra vegakafla, þótt síðar á framkvæmdatímabili yrðu lagðir bundnu slitlagi:

- a) Stykkishólmur—Grundarfjörður—Ólafsvík.
- b) Djúpvegur og tenging Inn-Djúps við A.-Barð.
- c) Vesturlandsvegur (efri hluti Norðurárdals).
- d) Holtavörðuheiði.
- e) Hrútafjarðarháls.
- f) Víkurskarð.
- g) Melrakkaslétta.
- h) Hvalnesskriður.

Greinargerð.

Brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar nú er gerð vega með bundnu slitlagi til allra þéttbýliskjarna í landinu og lagning vega upp úr snjó. Samhliða beislun orku fallvatna og í iðrum jarðar er þetta einnig arðgæfasta framkvæmdin. Því ber nauðsyn til að Alþingi taki þegar í stað ákvörðun í máli þessu.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.